

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Breytt deiliskipulag Árbakka í landi Laugardæla.

Í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 24. júlí 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi Árbakka í landi Laugardæla.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 1. maí 2008 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 22. maí til og með 19. júní 2008. Frestur til að skila athugasemdum var til og með 3. júlí 2008.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 13. nóvember 2008.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2008